

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2026

Mál nr. S-4335/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Björgvin Jónsson lögmaður)

(Lilja Margrét Olsen réttargæslumaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 19. ágúst 2025, á hendur: „X, kt. [...], [...] í Reykjavík, fyrir líkamsárás með því að hafa, miðvikudaginn 15. maí 2024, að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], fyrrverandi kærustu sinni, slegið hana í höfuðið með flötum lófa og tekið um fætur hennar og dregið hana úr rúmi í gegnum íbúðina, niður stiga og út á götu, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og yfirborðsáverka á hálsi, andliti og líkama.

M: 007-2024-[...]

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

- Þann 23. september 2025 gaf lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út framhaldsákæru á hendur ákærða „með skírskotun til 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála vegna upplýsinga sem lágu ekki fyrir þegar ákæra var gefin út 19. ágúst sl., [...] og er svohljóðandi bótakröfu hér með aukið við ofangreinda ákæru:

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Lilja Margrét Olsen, lögmaður, f.h. brotþola A, kt. [...], þá kröfu að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur [að] fjárhæð 1.500.000 [krónur]. Krafist er vaxta af ofangreindri fjárhæð skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 16. maí 2023 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar með framhaldsákæru til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

- Málið var þingfest 16. september 2025 og neitaði ákærði sök og var fyrirhugað að aðalmeðferð málsins færi fram 9. desember sl.

4. Af hálfu brotaþola var sett fram krafa um að ákærði viki úr dómsal á meðan brotaþoli gæfi skýrslu við aðalmeðferð málsins. Með úrskurði 5. desember 2025 var kröfunni hafnað.
5. Áður en kom að aðalmeðferð málsins, eða þann 8. desember sl., óskaði ákærði eftir því að við aðalmeðferð málsins gæfi faðir hans, B, skýrslu. Sækjandi mótmælti kröfunni utan réttar. Var aðalmeðferðinni þá frestað utan réttar til 12. mars 2026. Með úrskurði 19. desember 2025 var fallist á kröfu ákærða.
6. Í þinghaldi 13. október 2025 var lögð fram framhaldsákæra þar sem getið var um framan- greinda bótakröfu brotaþola. Af hálfu ákærða var þess krafist að framhaldsákærinni yrði vísað frá dómi og vísað til þess að ekki væru uppfyllt lagaskilyrði fyrir útgáfu framhaldsákærunnar. Ákvað dómari að flutningur um kröfu um frávísun framhaldsákæru færi fram samhliða aðalmeðferð málsins.
7. Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, til vara, verði hann að einhverju leyti sakfelldur, að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið eða hún látin niður falla samkvæmt 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eða lækkuð samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 74. gr. sömu laga, en til þrautavara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og verði refsing þá að öllu leyti skilorðsbundin. Þá krefst ákærði þess að bótakröfu verði aðallega vísað frá dómi en til vara að krafan verði stórlega lækkuð og aðeins tekin til greina að óverulegum hluta. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði og að kostnaður verjanda vegna öflunar vottorðs vegna ákærða verði greiddur úr ríkissjóði.

I

Helstu málsatvik

8. Miðvikudaginn 15. maí 2024, kl. 22:39, barst lögreglu tilkynningu um að brotaþoli A hefði orðið fyrir líkamsárás, að [...], af hendi ákærða sem væri fyrrum kærasti hennar og væri brotaþoli á leið þaðan.
9. Lögregla hitti brotaþola við heimili hennar. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að brotaþola hafi verið kynnt réttarstaða vitnis og ákvæði 117. og 118. gr. laga um meðferð saka- mála nr. 88/2008. Segir í skýrslunni að hún hafi verið niðurlút á svip og virst líða illa. Hún kvaðst hafa verið í símasamskiptum við ákærða fyrr um daginn og hann komið til hennar í heimsókn um kvöldið. Ákærði hefði verið í mjög annarlegu ástandi og verið búinn að drekka um 13 bjóra og taka fjórar svefntöflur. Þau hefðu rifist og ákærði rokið út og sagt að hann ætlaði að taka fleiri svefntöflur heima hjá sér. Hún hefði haft áhyggjur af ákærða og farið á eftir honum. Þegar hún var komin heim til ákærða hefði hann slegið hana í andlitið þannig að hún fékk blóðnasir og mátti sjá storknað blóð frá nös að efri vör hennar. Sagði hún ákærða hafa slegið sig nokkrum sinnum með opnum lófa og hún brugðist við með því að slá hann til baka í sjálfsvarnarskyni. Ákærði hefði síðan tekið um fætur hennar þar sem hún sat á rúminu og dregið hana úr því þannig að hún hlaut höfuðhögg og dregið hana niður stiga og kastað henni út um dyrnar. Kvaðst hún finna til í bakinu eftir atvikið og sýndi hún lögreglumanni nr. C áverka á baki sínu. Sjá mátti rispur og bólgu frá mjóbaki og upp á mitt bak hennar.

10. Í framlagðri skýrslu rannsóknarlögreglumanns kemur fram að brotþoli hafi verið flutt á lögreglustöð þar sem tekin hafi verið af henni framburðarskýrsla og ljósmyndir teknar af sjáanlegum áverkum á henni. Liggur fyrir skýrsla lögreglu með ljósmyndum þar sem sjá má framangreinda áverka. Þegar lögreglumenn voru á leið með brotþola á lögreglustöð í skýrslutöku barst tilkynning um að símtal hefði borist í eitrunarsíma um að ákærði hefði tekið fjórar svefntöflur á heimili sínu og var hann fluttur á bráðamóttöku Landspítalans til aðhlynningar.
11. Í skýrslu sem tekin var af brotþola eftir að hún hafði verið flutt á lögreglustöð kom fram að hún hefði fyrr um daginn verið í sambandi við bróður ákærða þar sem hún hafði áhyggjur af andlegu ástandi ákærða. Hún hefði verið búin að ákveða að slíta sambandi sínu við ákærða og hefði hann tekið því illa og verið þunglyndur. Ákærði hefði komið heim til hennar um kvöldið og þá orðið henni reiður vegna þess að hún hafði rætt við bróður hans og hótad því að taka fleiri töflur og farið í burtu. Þar sem hún hafði óttast um ákærða hefði hún elt hann heim til hans. Þar hefðu þau farið að rífast og hann slegið hana í höfuðið með flötum lófa á vinstri vanga og hún slegið hann til baka. Ákærði hefði þá lamið hana áfram einhver högg sem hún muni ekki hvernig hafi verið og hefði hún þá fengið blóðnasir. Síðan hefði hann tekið um fætur hennar og dregið hana úr rúminu og á gólfíð. Hann hefði síðan dregið hana áfram niður tröppur sem eru í íbúðinni, frá 2. hæð niður á 1. hæð. Síðan hefði ákærði opnað útidyrnar og hent henni út. Þar hefði hann haldið áfram að draga hana eftir götunni og hefði hún þá sparkað í ákærða og þannig losnað frá honum.
12. Ákærði gaf skýrslu vegna málsins 16. maí 2024. Kvaðst hann hafa verið einmana og í þunglyndiskasti. Hann hefði haft samband við brotþola og síðan farið heim til hennar og þá tekið eftir því að hún var að fá skilaboð frá bróður hans og spurt hana af hverju hún væri að tala við hann. Brotþoli hefði sagt að hún hefði verið að tala við hann í dágóðan tíma og látið hann hafa *stöðuuppfærslur* af honum. Kvaðst ákærði hafa orðið reiður og farið heim til sín en þangað hefði brotþoli einnig komið og þau farið inn í herbergi hans. Þar hefði hann setið á tölvustól en hún á rúminu og hefði hann beðið hana að fara og ekki viljað ræða við hana. Hún hefði sagt að hún ætlaði ekki að fara. Þá hefði hann ýtt henni frá sér þegar hún reyndi að kyssa hann. Þegar hann hefði gert það hefði brotþoli sagt að hann væri aumingi og ræfill, að fjölskyldan hans hefði miklar áhyggjur af honum og að hann væri að eyðileggja sjálfan sig. Kvaðst hann þá hafa spurt hana hvað hún væri að skipta sér af því, þau hefðu ekki verið saman í tvö ár. Brotþoli hefði þá kýlt hann í vinstra gagnaugað og hann þá ýtt henni frá sér og beðið hana þrisvar um að fara en hún neitað því. Hann hefði þá tekið um fæturna á henni þar sem hún var á rúminu og dregið hana niður nokkrar tröppur og niður ganginn. Þar hefði hún staðið upp og farið út. Hann hefði farið hægt niður tröppurnar þar sem hann vissi að hann myndi meiða brotþola. Eftir þetta hefði hann farið upp í herbergið sitt og tekið sex svefntöflur og drukkið áfengi ofan í það og hringt nokkur símtöl, m.a. í Píeta-samtökin. Síðan hefði hann verið fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild.
13. Kom fram hjá ákærða að þau brotþoli hefðu kynnst árið 2017 og verið saman í tæp fjögur ár. Einnig kom fram hjá ákærða að faðir hans hefði verið heima þegar atvik gerðust en verið sofandi. Var ákærða kynnt að brotþoli væri með áverka á andliti og sagði

ákærði að hann hefði ekki slegið hana í andlitið. Þá sagði hann brotþola fá blóðnasir á hverjum degi út af engu þar sem hún væri með háan blóðþrýsting.

14. Fyrir liggur vottorð D heimilislæknis, dagsett 2. júlí 2025, vegna komu brotþola til læknis 16. maí 2024. Í vottorðinu kemur fram að brotþoli hefði þá sagt að hún hefði orðið fyrir ofbeldi af hálfu kærasta síns daginn áður. Hann hefði slegið hana í höfuðið og hún svarað til baka og þá hefði hann slegið hana í höfuðið *temporalt* vinstra megin og muni hún ekki almennilega hvað hefði gerst á þeim tímapunkti en hún hefði þá verið komin með blóðnasir. Hann hefði síðan dregið hana á fótunum úr rúmi og dregið hana af 2. hæð niður á 1. hæð og hefði höfuð hennar skolið í tröppurnar. Hún hefði sparkað í ákærða og náð að sleppa. Við skoðun hefði brotþoli verið með verki hægra megin á hálsi, með höfuðverk, með bólgna neðri vör vinstra megin, verk í hægri olnboga og baki og dreift mar og hrúfl á baki. Var brotþoli greind með mar og yfirborðsáverka á hálsi, andliti, umhverfis munn og á bol. Þá kemur fram í vottorðinu að brotþoli hefði einnig leitað til læknis á síðdegisvakt daginn eftir vegna verkja í mjóbaki vegna atviksins. Við skoðun hefði hún verið með stórt mar yfir mjóhrygg, meira hægra megin, og var aum við þreifingu. Var hún greind með tognun á lendarhrygg.
15. Þá liggur fyrir vottorð E, sérfræðilæknis á slysa- og bráðadeild Landspítala, dagsett 10. nóvember 2025, vegna komu ákærða þangað 15. maí 2024, sem þá var skoðaður af F lækni. Þar kemur fram að ákærði eigi sögu um heilsukvíða og þunglyndi. Þetta kvöld hefði hann verið að rífast við fjölskyldumeðlim og verið kýldur af kærustu sinni nokkrum sinnum vinstra megin í andlitið. Hann hefði gefist upp og *langaði bara að sofna* og tekið sex töflur af Zopiclone og drukkið 1,5 lítra af bjór og hringt í Píeta-samtökin sem hefðu sent sjúkrabifreið til hans. Við skoðun sáust ekki áverkar á ákærða en hann lýsti þreifieymslum yfir kinnbeinasvæði vinstra megin. Var ákærði greindur með mar og eymsli í andliti, honum vísað í athugun vegna gruns um geð- og atferlisraskanir og hann talinn stunda skaðlega notkun áfengis.
16. Fyrir liggur vottorð G sjúkráþjálfara, dagsett 6. nóvember 2011, vegna brotþola þar sem staðfest er að brotþoli var í meðferð hjá sjúkráþjálfaranum bæði fyrir og eftir atvikið, og vottorð H sálfræðings, dagsett 2. desember 2025, þar sem staðfest er að brotþoli glími við kvíða.
17. Við aðalmeðferð málsins voru af hálfu ákærða lögð fram skjáskot af skilaboðum á milli ákærða og brotþola, dagsett 28. og 29. ágúst og 29. september 2024, og tvær myndir af stiga á heimili ákærða sem sýnir m.a. þröskuld efst við stigann og ein af rúmi ákærða sem sýni hæð þess. Þá lagði sækjandi fram skjáskot af skilaboðum milli ákærða og brotþola, þ. á m. mynd sem ákærði sendi henni sem sýnir hönd og að hnífur er lagður við framhandlegginn. Þá fylgdi framangreindri framhaldsákæru bótakrafa brotþola, dagsett 17. september 2025.
18. Þá liggur fyrir bréf lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 5. desember 2025, sem ritað var að beiðni ákærða, þar sem fram kemur að lögregla hafði afskipti af honum og brotþola 6. apríl 2021. Kemur þar fram að þau hefðu verið að rífast og ákærði hringt í lögreglu þegar brotþoli hefði orðið allverulega æst.

Skýrslutökur fyrir dómi

19. Ákærði kvaðst þetta kvöld hafa tekið andlega dýfu og hafa verið búinn að vera með mikið þunglyndi, kvíða og aðra andlega vanlíðan. Hann hefði fengið sér bjór um daginn og haft svo samband við brotþola og síðan farið heim til hennar þar sem þau hefðu spjallað og allt verið í góðu. Hann hefði síðan komist að því að brotþoli var í samskiptum við elsta bróður hans. Kveðst ákærði hafa reiðst við hana en ekki æst sig en orðið mjög ósáttur og komist í mikið uppnám. Hann hefði sagt við brotþola að hún hefði engan rétt á að ræða við fjölskylduna hans eða bróður hans en hún vissi að hann var ekki tilbúinn til að ræða við fjölskyldu sína um andlega vanlíðan sína. Í því hefði hann farið út og hringt í leigubifreið. Svo hefði hann tekið eftir því að lyklnir hans hefðu dottið úr vasanum í leigubifreiðinni. Honum finnst eins og hann hafi sent skilaboð á brotþola og sagt að hann hefði gleymt lyklunum heima hjá henni
20. Ákærði sagði að þegar hann hefði verið kominn heim til sín, að [...], hefði brotþoli setið þar fyrir utan í bifreið með lyklna hans og neitað að afhenda honum þá þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hans. Á endanum hefði brotþoli opnað og hann þá beðið hana um að fara en hún neitað og elt hann inn. Hann hefði gengið upp stigann, farið inn í herbergið sitt, sest í tölvustólinn og opnað bjór og brotþoli sest á rúmið. Hún hefði reynt að ná athygli hans en hann hefði sett *headphone* á höfuðið á sér, en einungis yfir annað eyrað, og kveikt á tónlist og sagt brotþola að hann hefði ekkert meira að segja við hana og vildi að hún færi og kæmi ekki aftur. Hann hefði síðan opnað samskiptaforritið WhatsApp og farið að tala við erlenda kærustu sína til þess að reyna að gera brotþola afbrýðisama svo hún færi. Hún hefði þá orðið reið og reynt örugglega í 5 til 10 mínútur að tala við hann en hann hundsað hana. Brotþoli, sem var vinstra megin við hann, hefði síðan gripið í hægri vanga hans og reynt að kyssa hann en hann þá sett höndina fyrir sig og ýtt í öxl hennar. Þá hefði brotþoli orðið brjáluð og sagt að hann væri skíthæll og ræfill og væri að eyðileggja fjölskyldu sína með því að vera að valda ættingjum sínum svona miklum áhyggjum. Sagði ákærði að hún hefði vitað það manna best að hann hefði verið búinn að gera allt til að halda fjölskyldunni gangandi.
21. Fram kom hjá ákærða að þegar brotþoli hefði hreytt þessum orðum í hann hefði hann sagt við hana að henni kæmi þetta ekkert við þar sem þau væru ekki saman en þá hefðu verið tvö til þrjú ár síðan þau hættu saman. Brotþoli hefði þá ráðist á hann og kýlt hann tvö eða þrjú högg í gagnaugað vinstra megin og þá verið með hring á hendinni. Við það hefði honum brugðið, hann staðið upp, sett höndina fyrir sig og ýtt í öxl á brotþola. Kvaðst hann þá hafa staðið við rúmið og ítrekað beðið brotþola að fara út og sagt að hún hefði komið þangað inn í leyfisleysi. Hann hefði reynt að segja við hana að hann myndi fara og vekja föður sinn ef hún færi ekki út og hún sagði ítrekað *I will not* og *I don't care*. Kvaðst hann hafa sagt við brotþola að hún væri að fara út á einn eða annan hátt og hún hefði þá sagt *I don't care*. Hann kveðst þá hafa sagt við brotþoli að það væri tvennt í stöðunni, annað hvort færi hún út eða hann drægi hana út. Brotþoli hefði þá krosslagt hendurnar og hallað sér aftur á bak og sagt *I don't care*. Hann hefði þá sagt við hana að hann ætlaði að gefa henni þetta val núna og hún þyrfti að ákveða sig núna en hún hefði ekki svarað honum. Ákærði kvaðst hafa tekið í vinstri fótlegg brotþola með vinstri hendi og gefið henni aðra viðvörun og hefði hún aftur sagt *I don't care*.

22. Kvaðst ákærði þá hafa byrjað að draga hana hægt og rólega fram af rúminu og við brúnina á rúminu hefði hann sagt við hana aftur að hann væri að fara að draga hana fram úr rúminu, þetta yrði ekki þægilegt og hann vildi ekki meiða hana en hún yrði að fara út. Hún hefði tök á því núna að standa upp og yfirgefa húsið og ef ekki, þá drægi hann hana út. Kvaðst hann ekki hafa vitað hvað hann ætti að gera. Síðan hefði hann dregið hana fram af brúninni á rúminu hægt og rólega og tekið undir fætur hennar með báðum höndum þannig að hún færi ekki harkalega í gólfið en hún hefði lagt hendurnar fyrir sig á gólfið. Svo hefði hann dregið hana um tvo metra á sléttu parketinu og fram á ganginn. Þar hefði hann sagt við hana að hún hefði tækifæri til að standa upp og fara út núna þar sem hann gæti ekki ímyndað mér að það yrði þægilegt að fara niður stigann og hefði hún þá sagt *I don't care* og krosslagt hendurnar. Hann hefði þá spurt hana hvort hún væri alveg viss, hún gæti staðið upp núna og farið út, en ef ekki myndi hann draga hana út. Brotapoli hefði ekki hlustað á þetta og hrist höfuðið. Hann hefði þá byrjað að draga brotapolu, sem þá hefði legið á bakinu, og farið yfir um eins cm þröskuld við stigann og niður í fyrstu tröppu. Þá hefði hann tekið smáþásu og horft á hana og hefði hún bara lagt hendur á bak við sig og staðið á höndunum. Svo hefðu þau farið í þrep númer tvö og hefði hún þá enn verið með hendurnar á bak við sig. Svo þegar hann var að fara í þriðja þrepið hefði brotapoli staðið upp og sagt *I can get out by myself*. Hún hefði svo gengið niður restina af stiganum og út. Hann hefði þá farið aftur upp í herbergi sitt, opnað bjór, hringt í bróður sinn og mágkonu sína, tekið svefntöflur og drukkið áfengi ofan í þær og haft samband við Píeta-samtökin sem hefðu óskað eftir sjúkrabifreið til hans. Hann hefði síðan farið á spítalann og fengið aðstoð þar.
23. Ákærði kvaðst hafa kynnst brotapolu árið 2018 á Tinder. Fljótt eftir það þróaðist samband á milli þeirra. Þegar nokkrir mánuðir hefðu verið liðnir af sambandinu hefðu farið að koma í ljós *stjórnunarsamskipti*. Hann hefði ekki mátt tala við tiltekið fólk, mátti ekki ræða við fjölskylduna sína og þurfti alltaf að vera brotapolu innan handar. Samband þeirra hefði varað frá árinu 2018 til ársins 2021 en þau hefðu aldrei búið saman. Eftir að þau hættu saman hefðu þau verið vinir áfram og átt í trúnaðarsambandi.
24. Hafnaði ákærði því að hafa slegið brotapolu í andlitið á meðan þessi atvik gerðust. Var ákærða kynnt framlagt áverkavottorð vegna brotapola og myndir af henni sem sýndu áverka í andliti hennar og kvaðst hann ekki geta útskýrt þá. Þá hefði hann aldrei lagt hendur á hana og kvaðst ekki hafa kastað henni út um dyrnar.
25. Var ákærða kynnt að í skýrslutöku hjá lögreglu hefði hann sagt að hann hefði vitað að það myndi meiða brotapolu að draga hana út og niður tröppurnar og sagði ákærði þá að hann hefði bara verið hreinskilinn við lögreglumanninn út af því. Eins brjálæðislega og þetta hljómi, þá vissi lögreglumaðurinn ekki alla söguna á bak við þetta, hversu oft hann hefði stoppað og varað hana við og gefið henni möguleika á að fara. Þegar skýrslan var tekin af honum daginn eftir, á bráðamóttökunni, hefði hann verið mjög vankaður og eftir sig en sagt rétt frá. Það hefði ekki verið ásetningur hans að meiða brotapolu. Kvaðst hann alltaf hafa óttast brotapolu. Ákærði staðfesti að brotapoli væri ekki stór kona.
26. Var ákærða kynnt að hann hefði sagt við lögreglu að þetta hefði verið eina leiðin til að fá brotapolu út og spurður hvað hann hefði meint með því sagði ákærði að það hefði verið út af því að hún hefði ekki hlustað á fyrirmæli hans um að fara úr húsinu og láta hann fá

lyklana. Vegna fyrri reynslu hefði hann ekki hringt á lögreglu en í fyrra skiptið þegar hún réðst á hann hefði það verið leyst með ágreiningi og ekkert verið gert annað en að lykklar hefðu á endanum verið teknir af brotþola sem hefði síðan farið. Þá kvaðst hann ekki hafa kallað á föður sinn sér til aðstoðar þar sem hann hefði verið í krabbameinsmeðferð og verið of veikburða.

27. Fram kom hjá ákærða að einu samskipti hans og brotþola eftir þetta hefðu verið þau skilaboð sem liggja fyrir en þau hefðu ekki hist. Þau hefðu rætt um atvikið í skilaboðunum og hún þá sagt að hún hefði fengið blóðnasir, en hún væri alltaf að fá blóðnasir. Hann hefði sagt að hann hefði ekki slegið hana og að það eina sem hann hefði gert hefði verið að draga hana í stiganum og að hann hefði varað hana við.
28. Ákærði sagði að samkvæmt hans mælingum væru þrír metrar og átta cm frá rúminu í herberginu hans að þröskuldinum á stiganum en frá rúminu væri einn metri að hurðinni að herberginu. Væri þetta rennislétt parket og ekkert þar sem gæti rispað húð. Þá væri enginn þröskuldur við dyrnar á herberginu. Á ganginum við stigann væri hans herbergi og tvö önnur herbergi, þ. á m. herbergi föður hans, og baðherbergi. Á herbergi föður hans væri gluggi þar sem húsið væri yfirbyggt. Sagði ákærði að hann hefði ekki talið að fólk gæti slasast við að vera dregið hægt niður stigann eins og hann gerði. Kvaðst hann telja að þetta gæti hafa gerst á um 15 mínútum en hann hefði stoppað í hverju þrepi og gefið henni valmöguleika. Þá hefði hún alltaf getað gripið í handriðið.
29. Fram kom hjá ákærða að hann hefði fundið mikið til í gagnauganu eftir að brotþoli sló hann og rætt það ítrekað í sjúkrabifreiðinni og á bráðamóttökunni. Var ákærða kynnt að í vottorði, er ritað var vegna komu hans á bráðamóttöku, komi fram að hann hefði sagt frá eymslum og staðfesti ákærði það. Hann hefði verið mikið bólginn og með hrufi á gagnauganu. Hann hefði verið skoðaður á bráðamóttöku en morguninn eftir, þegar hann hefði vaknað, hefði hann ekki verið mikið skoðaður vegna áverka heldur meira verið að halda lífsmörkum í lagi. Hjúkrunarfræðingur og læknir hefðu sagt að hann væri vel bólginn. Þá hefðu ekki verið komnir miklir áverkar en lítill marblettur verið sjáanlegur en meiri áverkar hefðu komið fram seinna um daginn. Hann hefði fengið um 10 cm stórt mar á gagnaugað, verið mikið bólginn, með fljótandi mar undir auga og fundið fyrir miklum verk og eymslum í andlitinu vinstra megin.
30. Var ákærða sýnd skýrsla lögreglu með myndum af áverkum brotþola og kynnt að þar væri að sjá eins og brotþoli hefði fengið blóðnasir og spurður kvaðst ákærði ekki hafa veitt brotþola þennan áverka og hefði hún ekki fengið blóðnasir á meðan hún var hjá honum. Kvaðst ákærði muna atvik vel.
31. Fram kom hjá ákærða að tveimur dögum eftir þetta hefði hann verið lagður inn á geðdeild. Áður hefði hann verið í samskiptum við brotþola og hefði hún tvisvar reynt að heimsækja hann á deildina en hann hefði hafnað því að hitta hana. Eftir sjúkrahúsvistina hefðu þau verið í samskiptum og hún þá sagt að hún ætlaði að draga kærana til baka og hann hefði líka sagt að hann ætlaði að draga sína kærna til baka. Hann hefði síðan verið í samskiptum við rannsóknarlögreglumann sem hefði sagt að það yrði ekkert úr þessu, það væri orð á móti orði. Samskipti þeirra hefðu ekki verið mikil eftir það en hann hefði spurt hana út í það hvers vegna hún hefði ekki dregið sína kærna til baka og hefði hún þá sagt að lögreglan myndi hvort sem er ekki gera neitt í þessu.

32. Staðfesti ákærði að þau skilaboð sem lögð hafa verið fram hefðu gengið á milli þeirra en hluti þeirra væri frá því áður en atvik gerðust. Þá sagði ákærði að það væri líklegt að hann hefði einhvern tímunn gefið brotapolu tilefni til að hafa áhyggjur af sjálfskaðandi hegðun hans og hann gæti hafa sagt við hana að hann langaði til að stytta sér aldur. Kvaðst hann halda að brotapolu hefði verið hrædd um hann og hefði hún ítrekað reynt að tala hann ofan af því að skaða sig. Staðfesti hann hafa sent brotapolu framlagða mynd af hendi þar sem hnífur er lagður við framhandlegg. Þá staðfesti ákærði að mynd af stiga sem lögð var fram af hans hálfu væri af þeim stiga sem vísað er til í ákæru.
33. Var ákærða kynnt að í ákæru væri talað um áverka sem brotapolu var með, mar og yfirborðsáverka á hálsi, andliti og líkama, og var ákærði spurður hvort hann teldi að brotapolu hefði hlotið þessa áverka í samskiptum við hann. Sagði ákærði þá að hún hefði sent honum skilaboð og sagt að hún væri með marbletti en hún hefði ekki verið með hrufusár á baki eða neitt sýnilegt. Hún hefði verið með tvo marbletti á mjóbaki og einn á herðablaði. Mögulega hefði hún fengið þessa áverka á bakið í þeirra samskiptum.
34. Viðbótarskýrsla var tekin af ákærða að beiðni hans. Vildi hann taka sérstaklega fram að hann hefði aldrei lagt hendur á brotapolu eða gefið henni kinnhest.
35. Brotapolu sagði að ákærði hefði alltaf verið að glíma við sjálfsvígshugsanir og hún hefði verið að hjálpa honum vegna þess. Þetta kvöld hefði hún haft miklar áhyggjur af ákærða og sótt hann og þau farið heim til hennar til að spjalla. Allt hefði verið í góðu þar til ákærði komst að því að hún væri að tala við bróður hans en hann hefði alltaf bannað henni að tala við fjölskyldu hans og láta vita hvernig honum liði. Hún hefði átt erfitt með að glíma við þetta ein en hann hefði oft gert eitthvað við sjálfan sig og hún farið með hann á sjúkrahús vegna þess. Ákærði hefði orðið reiður þegar hann komst að því að hún væri að tala við bróður hans og farið. Þegar hann hefði verið að fara hefði hann sagt að hann ætlaði að taka pillur og drekka áfengi þangað til hann missti meðvitund. Kvaðst hún hafa orðið hrædd um ákærða. Hún hefði fundið lyklana hans heima hjá sér og ákveðið að fara á eftir honum til að láta hann hafa lyklana og vera viss um að hann myndi ekki gera þetta.
36. Brotapolu sagði að þegar hún hefði nálgast húsið þar sem ákærði býr hefði ákærði beðið hana um að láta sig hafa lyklana en hún þá sagt að hún vildi fyrst spjalla við hann og var það ekkert vandamál. Þau hefði farið inn í herbergi ákærða og spjallað saman. Hann hefði sest við tölvuborðið og hún staðið á móti honum en ekki sest á rúmið. Ákærði hefði ekki beðið hana um að fara nema þegar hann bað hana að fara svo hann gæti tekið töflur. Minnst hún þess ekki að ákærði hefði verið að ræða við einhvern í tölvunni. Hann hefði verið illur yfir því að hún hefði talað við fjölskyldu hans og sagt undir lokin að hún væri heimsk og hálfviti og hann skildi ekki hvað hún væri að gera þarna. Sagði ákærði að fjölskyldu hans væri sama hvernig honum liði og á því augnabliki hefði hann gefið henni léttan kinnhest. Þetta hefði gerst reglulega í þeirra samskiptum þegar hann fengi sér í glas. Hún hefði ákveðið að nú væri komið nóg og svarað honum í sömu mynt, sem hún hafði ekki gert áður, með því að gefa honum léttan kinnhest. Ákærði hefði þá orðið ofboðslega reiður og kúlt hana fast í andlitið og hún þá dottið á rúmið og þá áttað sig á því að hún var með blóðnasir. Hún hefði síðan snúið sér við og séð andlit ákærða. Hún viti ekki alveg hvernig hún eigi að lýsa því en hann hefði verið svartur og eins og dýr til

augnanna. Á því augnabliki hefði hún ekki heyrt neitt sem ákærði sagði. Hún hefði bara hugsað um það hvort hún myndi komast lifandi út og hvort hún myndi sjá son sinn aftur. Í kjölfarið hefði ákærði tekið um fætur hennar og dregið hana niður af rúminu. Hún hefði fyrst lent á bakinu og höfuð hennar slegist í gólfið. Eftir það hefði hann dregið hana á fótunum niður tröppurnar af 2. hæð niður á 1. hæð en þar eru dyrnar út á götu. Þegar hún sá að hurðin opnaðist út á götu hefði hún slitið sig lausa frá ákærða, losað fæturna og hlaupið í burtu. Hún hefði síðan farið inn í bifreið sína, hringt í lögreglu og farið heim. Spurð hvar ákærði hefði stoppað sagði brotápoli að hann hefði ekki stoppað heldur haldið áfram að toga hana en hún losað sig sjálf um leið og hún sá út á götu eftir að ákærði opnaði útidyrnar.

37. Fram kom hjá brotáþola að þau ákærði hefðu kynnst á Tinder og verið saman í tvö ár. Samskipti á milli þeirra hefðu verið góð þangað til ákærði hefði byrjað að drekka mjög mikið og orðið þunglyndur og hefði hann þá breyst mjög mikið. Hann hefði farið að fá mjög dimmar hugsanir.
38. Þá sagði brotápoli að afleiðingar árásarinnar hefðu verið þær að hún hefði algjörlega lokast inni í sjálfri sér og hætt að vera hún sjálf og verið hrædd um að þetta myndi endurtaka sig. Við árásina hafi hún hlotið erfiða áverka á baki. Um tíma hefði hún ekki getað gengið, ekki fundið fyrir höndunum á sér og ekki getað gert hluti sem þurfi að gera í daglegu lífi. Hún hefði oft leitað til læknis vegna afleiðinga árásarinnar og um tíma verið að taka 12 verkjatöflur á dag, að læknisráði, vegna verkjanna. Einnig hefði hún verið með marblett á vörinni og verið rispuð á bakinu. Spurð kvaðst brotápoli ekki vita hvort hún hefði verið dregin harkalega niður stigann en stiginn er með viðartröppum með hvössum hornum og væri ekki hægt að gera þetta öðruvísi en þannig að hún meiddi sig mikið. Hún hefði fundið fyrir hverju einasta þrepi og hvernig það hefði klórað hana til blóðs.
39. Einnig kom fram hjá brotáþola að á þessum tíma hefðu þau ákærði ekki verið í sambandi en hist nánast á hverjum degi. Kvaðst brotápoli hafa slitið sambandinu en muni ekki hvenær þau hefðu hætt saman en þau hefðu eftir það haldið áfram að sofa sama og eytt tíma saman. Þá kvaðst hún ekki hafa reynt að snúa höfði ákærða og kyssa hann. Spurð hvort hann hefði beðið hana um að fara út eftir það sagði brotápoli að um leið og hún hefði slegið ákærða hefði hann kýlt hana mjög fast og hún dottið á rúmið og hefði hún því ekki meðtekið það hefði hann beðið hana um að fara. Kvaðst brotápoli muna að hún hefði verið á rúminu þegar hann byrjaði að draga hana en mundi ekki hvort hún lá eða sat.
40. Var brotáþola kynnt að ákærði hefði lagt fram læknisvottorð þar sem fram komi að hann hefði verið með þreifieymsli yfir vinstra gagnauga eftir samskipti þeirra og að fram hefði komið hjá ákærða að síðar hefði komið fram mar og sagði brotápoli þá að hún hefði ekki skýringar á þessu. Tengist þetta ekki högginu sem hún hafi slegið hann og telji hún að hann hafi ekki einu sinni fengið roða undan því.
41. Þá kannaðist brotápoli ekki við að ákærði hefði, eftir að hafa dregið hana að stiganum, sagt við hana að annað hvort færi hún sjálf eða hann drægi hana niður stigann. Kvaðst hún halda að ákærði hefði dregið hana nokkuð hratt niður stigann en samt þannig að faðir hans heyrði ekki þegar hún hlunkaðist á milli þrepa en ákærði hefði horft í áttina að

herbergi föður síns. Hann hefði ekki stöðvað í hverju þrepi heldur dregið hana niður stigann í einu lagi. Þá hefði hún ekki staðið upp þegar hún var komin niður um þrjú þrep og farið.

42. Var brotþola kynnt að hún hefði sagt í lögregluskýrslu að ákærði hefði dregið hana út úr húsinu og sagði brotþoli þá að ákærði hefði dregið hana yfir *karminn* á útidyrhurðinni og þá hefði hún séð út á götu. Viti hún ekki hvort hún var þá komin út eða var við útganginn. Kynnt að í skýrslunni hefði einnig komið fram að ákærði hefði hent henni út sagði brotþoli að henni finnist eins og ákærði hefði dregið hana einhvern smáspotta á steypu undirlagi.
43. Brotþoli kvaðst hafa reynt að heimsækja ákærða eftir að hann hafði verið lagður inn á geðdeild um tveimur dögum eftir þetta atvik. Kvaðst hún ekki hafa hitt ákærða en hún hefði keypt handa honum hluti sem hann þurfti og komið með þá og hefði hún haft áhyggjur af honum. Þá kom fram hjá brotþola að faðir ákærða hefði verið sofandi í herberginu sínu þegar þetta gerðist en hann hefði venjulega verið sofandi á þessum tíma.
44. Brotþola var sýnd framlögð mynd af stiganum og staðfesti hún að þetta væri stiginn sem hún vísaði til. Herbergið sem þau hefðu verið í hefði verið vinstra megin við stigann og dyrnar að herbergi föður ákærða við hliðina á herbergi ákærða, þar væri gengið í gegn þannig að það kemur út eins og herbergið væri fyrir ofan ganginn.
45. Spurð nánar um andlega líðan eftir þetta atvik sagði brotþoli að hún hefði stanslaust verið með kvíðaköst. Hún hefði leitað til tveggja sálfræðinga og til sjúkraþjálfara út af bakinu og hefði það tekið einhvern tíma þangað til hún gat aftur gengið. Bakið væri í lagi núna, stundum fái hún verki en ekkert í líkingu við það hvernig þetta var. Staðfesti brotþoli að hafa einnig út af kvíða gengið til sálfræðings áður en þetta gerðist. Eftir þessi atvik hefði hún farið að glíma við annars konar kvíðaköst. Staðfesti brotþoli að hún hefði einnig farið til sjúkraþjálfara áður en atvik gerðust út af bakverkjum.
46. *B*, faðir ákærða, kvaðst hafa legið veikur upp í rúmi þegar atvik gerðust en hann hefði verið að ganga í gegnum krabbameinsmeðferð. Hann hefði heyrt rifrildi og kíkt fram á stigaganginn en hann væri með stóran glugga á herbergi sínu beint fram á stigaganginn og annan út á bifreiðastæðið. Á stigapallinum, beint fyrir framan herbergi ákærða, hefðu bæði ákærði og brotþoli verið og hefði brotþoli verið liggjandi á gólfinu á bakinu og sparkað frá sér en ákærði verið að reyna að ná taki á fætinum á henni. Kvaðst hann síðan hafa sest niður og ekki fylgst með þeim en heyrt að þau héldu áfram að rífast. Virðist ákærði einhvern veginn hafa komið brotþola út en hann hefði heyrt hann segja *farðu út, farðu út*.
47. Vitnið lýsti því að húsið sem hann búi í sé raðhús á pöllum. Væri hans herbergi á efsta pallinum, sem er á 4. hæð, og ákærði og brotþoli hefðu verið á hæðinni fyrir neðan, þ.e. 3. hæð, og hafi hann beint útsýni á stigapallinn. Stiginn nái frá 3. hæð niður á 2. hæð og þar sé gengið út. Sagði vitnið að í gegnum gluggann hefði hann heyrt útidyrnar lokast og séð brotþola ganga frá húsinu. Kvaðst vitnið ekki hafa séð þegar ákærði dró brotþola niður stigann og ekki hafa séð brotþola ganga niður stigann eða hvað gerðist við útidyrhurðina áður en brotþoli gekk í burtu frá húsinu. Haldi hann að ákærði og brotþoli hefðu ekki orðið vör við hann.

48. Fram kom hjá vitninu að hann minnti að hann hefði rætt við ákærða þegar hann kom heim morguninn eftir að hafa farið á slysadeild. Hann hefði þá séð áverka á vinstra gagnauga hans, roða og kannski smákúlu og eins og bólga væri að myndast. Einnig kom fram hjá vitninu að þeir ákærði væru nánir og að brotaþoli hefði um tíma búið á heimilinu með son sinn. Sagði vitnið að ákærði hefði átt við ýmis vandamál að stríða og hefði hann leitað í áfengi. Viti vitnið ekki hvernig ástand ákærða hafi verið þegar atvik gerðust en hann hefði heyrt það á málrómnum að hann var reiður þegar hann sagði brotaþola að fara út.
49. Kvaðst vitnið ekki hafa íhugað að fara og aðstoða ákærða og brotaþola enda veikur á þessum tíma. Þá hefði hann ekki íhugað að kalla til lögreglu og talið málið leyst þegar brotaþoli var farin. Honum hafi ekki virst brotaþoli vera hrædd þar sem hún lá á bakinu og hefði hún aðallega verið að sparka til þess að ákærði næði ekki taki á henni og hélt að þetta væri bara venjulegt rifrildi.
50. *Lögreglumaður nr. I* sagði að brotaþoli hefði haft samband við neyðarlínu og óskað eftir aðstoð. Kvaðst hún vera á leiðinni frá heimili ákærða. Vitnið og lögreglumaður nr. C hefðu hitt brotaþola við heimili hennar og hefði hún augljóslega verið í uppnámi og liðið illa og hefðu þau skráð niður frásögn hennar. Hún hefði greint þeim frá því að hún hefði orðið fyrir ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka síns. Hann hefði komið til hennar fyrr um kvöldið í annarlegu ástandi og þau rifist. Hann hefði kvatt hana með því að segja að hann ætlaði að taka einhverjar svefntöflur og hefði hún haft áhyggjur af velferð hans. Hann hafði áður verið búinn að segja henni að hann hefði tekið svefntöflur áður en hann hefði komið til hennar og væri einnig búinn að neyta mikils áfengis. Brotaþoli hefði elt ákærða heim til hans og þegar þau hefðu verið komin þangað hefði ákærði beitt hana ofbeldi með því að slá til hennar en hún hefði viðurkennt fyrir vitninu að hafa einnig slegið til hans í sjálfsvarnarskyni. Inn á heimilinu hefði hann dregið hana niður stiga og hefði hún verið með áverka eftir það og hefði hún sýnt félagu vitnisins áverka á mjóbaki og baki. Þegar þau voru að flytja brotaþola á lögreglustöð hefðu þeim borist upplýsingar um útkall á heimili ákærða þar sem óskað var eftir aðstoð vegna inntöku á lyfjum.
51. Spurður hvort hann hefði séð áverka á andliti brotaþola kvaðst vitnið hafa lýst því í skýrslu sem hann taldi vera storknað blóð við nefið, eins og hún hefði fengið blóðnasir, en sá ekki augljóst mar eða áverka. Þá var hún einnig grátbólgin og í uppnámi. Vitnið kvaðst hafa ritað frumskýrslu málsins og staðfesti hann skýrsluna.
52. *Lögreglumaður nr. C* kveðst hafa farið í útkall vegna heimilisofbeldis ásamt lögreglumanni nr. I og hefðu þau hitt brotaþola og farið með hana á lögreglustöð. Þar hefði vitnið tekið myndir af áverkum sem brotaþoli var með en hún hefði séð sár á baki hennar. Þetta hefðu verið rispur og hefði húðin rofnað að einhverju leyti. Sárin hefðu verið um allt bakið, frá efra baki og niður. Brotaþoli hefði lýst því að hún hefði verið dregin niður stiga. Nú muni hún ekki eftir áverkum á andliti brotaþola en ef hún var með áverka hefði verið getið um þá í skýrslunni og myndir teknar af þeim. Brotaþoli hefði verið mjög róleg en var þó í uppnámi fyrst þegar þau hittu hana.
53. *Lögreglumaður nr. J* sagði að komið hefði verið með brotaþola á lögreglustöð vegna gruns um heimilisofbeldi gegn henni og hefði hann tekið skýrslu af henni. Fram hefði komið hjá brotaþola að hún hefði farið heim til meints geranda og farið þar inn. Hann

hefði síðan dregið hana út og hent henni út. Kvaðst vitnið ekki muna hvort hann hefði séð áverka á brotþola. Hann hefði síðan tekið skýrslu af ákærða á spítalanum daginn eftir. Telji hann að ákærði hafi þá verið í góðu ástandi og gefið greinargóðan framburð og verið heiðarlegur og rólegur.

54. Borið var undir vitnið að í samantekt hans af framburði ákærða komi fram að ákærði hefði sagt *[e]ins illa og það hljómar, þá fór ég hægt niður tröppurnar því ég vissi að það myndi meiða hana, þetta væri eina leiðin til að fá hana út*. Kvaðst vitnið muna eftir þessu. Ákærði hefði sagt þetta og væri þetta tekið beint upp úr framburði hans. Vitnið staðfesti þær skýrslur sem hann vann vegna málsins.
55. *D*, heimilislæknir og fagstjóri lækninga á Heilsugæslunni [...], kvaðst sem fagstjóri lækninga hafa ritað læknisvottorð vegna brotþola út frá tveimur komunótum en lækarnir sem sinntu brotþola hefðu ekki verið við þegar óskað var eftir vottorðinu og staðfesti hún vottorðið. Við skoðun á brotþola 16. maí 2024 hefði hún verið með bólgnu neðri vör vinstra megin og dreift mar á bakinu. Þá hafi hún kvartað undan verk í hálsi hægra megin, höfuðverk og verk í hægri olnboga og í baki. Við skoðun 17. maí 2024 hefði hún verið með stórt mar yfir mjóhrygg, hægra megin aðallega, og aum þar við þreifingu. Við komu til læknis hefði brotþoli fengið ráðleggingar um að taka verkjalyf.
56. Vitnið sagði að bólga á neðri vör gæti verið tilkomin vegna þess að hún hefði verið slegin í andlitið. Mar, hrufll og yfirborðsáverkar á hálsi og á baki gætu verið tilkomin vegna þess að hún hefði verið dregin á bakinu niður stiga eða tröppur. Þá kom fram hjá vitninu að brotþoli hefði verið greind með tognun í lendarhrygg, að fólk geti verið lengi að jafna sig á slíkum áverkum og geti þurft að fara í sjúkraþjálfun.
57. *E* bráðalæknir kvaðst hafa ritað vottorð, dagsett 10. nóvember 2025, vegna komu ákærða á slysadeild 15. maí 2024 sem hann staðfesti. Hann hefði ekki skoðað ákærða sjálfur heldur stuðst við upplýsingar úr sjúkraskrá. Var vitninu kynnt að ákærði hefði lýst því að hann hefði fengið högg á gagnauga og hefði viðkomandi verið með hring og var vitnið spurt hvort þeir áverkar sem sjást á andliti ákærða geti samrýmst því. Sagði vitnið þá að lækningur hefði skoðað ákærða hefði tekið fram að ekki hefðu sést nein áverkamerki. Sjúklingur hefði verið þreifaður og þá sagt að hann fyndi verk og það geti þýtt annað hvort að það sé áverki þar eða ekki. Væri ekki útilokað að ákærði hefði orðið fyrir áverka. Var vitninu kynnt að ákærði hefði borið um að hafa síðar bólgnað upp á gagnauga og blámi komið undir augað og sagði vitnið að slíkir áverkar gætu síðar komið í ljós.

III

Niðurstaða

58. Ákærði er ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa veist með ofbeldi að brotþola, fyrirverandi kærustu sinni, slegið hana í höfuðið með flötum lófa og tekið um fætur hennar og dregið hana úr rúmi í gegnum íbúðina, niður stiga og út á götu. Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

59. Ákærði neitar sök. Byggir hann sýknukröfu síðan aðallega á því að háttsemin sé ósönnuð, en ella beri að sýkna hann á grundvelli neyðarvarnar eða neyðarréttar.
60. Samkvæmt 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hvílir á ákærvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Með 2. mgr. greinarinnar er jafnframt lagt í hendur dómara að meta, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá gildir almennt sú grundvallarregla, sbr. 1. mgr. 111. gr. laganna, að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.
61. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Skal í því sambandi m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum til brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.
62. Framburður ákærða og brotþola er samhljóða um að ákærði hafi verið hjá brotþola og orðið henni reiður fyrir að vera að ræða við bróður ákærða um líðan hans. Hann hefði því farið heim til sín og brotþoli á eftir honum. Framburður þeirra er samhljóða hvað það varðar að þar hafi þau endað í herbergi ákærða en um atvik þar og framhaldið greinir þau nokkuð á.
63. Brotþoli lýsti því hjá lögreglu að þar hefðu þau rifist og ákærði slegið hana með flötum lófa á vinstri vanga og hún slegið hann til baka. Í kjölfarið hefði hann lamið hana fleiri högg og hún þá fengið blóðnasir. Síðan hefði hann tekið um fætur hennar og dregið hana úr rúminu og á gólfid og niðri tröppur niður á næstu hæð. Hann hefði síðan opnað útidyrnar og hent henni út og þar haldið áfram að draga hana eftir götunni þar til hún náði að losa sig með því að sparka í ákærða. Framburður brotþola fyrir dómi var á sama veg utan þess að hann var nokkuð óljós hvað það varðar hversu langt ákærði hefði dregið hana. Fyrst taldi hún að hún hefði verið við útidyrnar þegar hún náði að sparka sig lausa en eftir að hafa verið kynntur framburður sinn hjá lögreglu taldi hún að ákærði hefði dregið hana eitthvað eftir steyptri stétt.
64. Hjá lögreglu bar ákærði um að þegar þau hefðu verið komin í herbergi hans hefði hann ekki viljað ræða við brotþola og beðið hana að fara en hún ekki sinnt því. Brotþoli hefði reynt að kyssa hann og hann þá ýtt við henni. Í kjölfarið hefði brotþoli kallað hann m.a. aumingja og ræfil og kýlt hann síðan í vinstra gagnaugað, hann þá ýtt henni frá sér og þrisvar beðið hana um að fara en hún neitað því. Í kjölfarið hefði hann tekið um fætur brotþola þar sem hún var á rúminu og dregið hana niður tröppurnar og niður á gang en farið hægt niður tröppurnar þar sem hann vissi að hann myndi meiða brotþola. Þar hefði brotþoli staðið upp og farið út. Framburður ákærða fyrir dómi var á sama veg utan þess að hann sagði brotþola hafa kýlt hann tvö eða þrjú högg og kvaðst einungis hafa dregið brotþola niður þrjár tröppur í stiganum og þar hafi brotþoli staðið upp og farið. Einnig kvaðst hann ítrekað, frá því áður en hann hefði byrjað að draga brotþola og hún setið

enn á rúminu, hafa varað hana við og hvatt hana til að fara, annars myndi hann draga hana út.

65. B, faðir ákærða, gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Hann hafði ekki gefið skýrslu við rannsókn málsins en fram kemur í skýrslu ákærða hjá lögreglu að vitnið hefði verið sofandi þegar atvik gerðust. Fram kom í framburði B að þeir ákærði hefðu rætt saman morgunninn eftir þegar ákærði kom af bráðamóttöku en þá hafði ákærði þegar gefið skýrslu vegna málsins. Framburður vitnisins ber nokkurn keim af framburði ákærða, þ.e. lýsingar þeirra á þeim áverkum sem komu fram á ákærða í kjölfar atviksins eru líkar, og hann kvaðst ekki hafa séð ákærða draga brotaþola niður stigann. Vitnið lýsti því sem telja verður að hafi verið alvarleg atburðarás þar sem ákærði reyndi, á hættulegum stað við tréstiga milli hæða, að ná taki á fæti brotaþola á meðan brotaþoli barðist gegn því, en sá ekki ástæðu til að bregðast við. Verður við mat á framburði vitnisins að hafa í huga að hvorki ákærði né brotaþoli lýstu því að brotaþoli hefði, þegar þau voru staðsett á stigapallinum, verið að sparka í ákærða eða að hann hefði þar reynt að ná taki á henni. Þá er eina lýsingin á því að þau hafi verið stopp á stigapallinum, fyrir utan framburð vitnisins, framburður ákærða fyrir dómi en þá fyrst bar ákærði um að hafa einnig á stigapallinum hóttað því að draga brotaþola niður stigann færi hún ekki sjálf, en vitnið sagði ákærða hafa sagt *farðu út, farðu út*. Í ljósi framangreinds, annars sem fram er komið í málinu og tengsla vitnisins við ákærða er það mat dómsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008, að framburður vitnisins sé ekki trúverðugur hvað varðar meinta árás. Eru því ekki forsendur til að byggja niðurstöðu málsins á honum.
66. Framburður ákærða fyrir dómi var á annan veg en hjá lögreglu hvað varðar veigamikil atriði m.a. varðandi það hversu oft brotaþoli kýldi hann, hversu langt hann dró hana niður stigann og hve oft hann hefði varað hana við, eins og að framan er rakið. Er það því mat dómsins að framburður hans sé ótrúverðugur og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð að því marki sem hann fær ekki stoð í öðrum gögnum.
67. Þá er það mat dómsins að framburður brotaþola hafi verið stöðugur í meginatriðum og trúverðugur í ljósi annars sem fram er komið í málinu. Þannig hefur framburður brotaþola um að ákærði hafi slegið hana áður en hann dró hana út úr herberginu verið stöðugur í gegnum alla meðferð málsins. Fær það stoð í framlögðu áverkavottorði, sem staðfest var af D lækni, þar sem fram kemur að læknir sem skoðaði brotaþola eftir atvikið hefði sagt að brotaþoli hefði þá verið með bólgu og mar á neðri vör vinstra megin. Einnig fær þetta stoð í frumskýrslu málsins, sem staðfest var af lögreglumanni nr. I, þar sem fram kemur að sjá mátti storknað blóð frá nös að efri vör brotaþola.
68. Framburður brotaþola hefur einnig verið stöðugur þess efnis að ákærði hafi dregið hana niður allan stigann og í samræmi við þann framburð sem ákærði gaf hjá lögreglu og þá lýsingu sem brotaþoli gaf við lækni skoðun. Samkvæmt framangreindu vottorði reyndist brotaþoli við skoðun einnig vera með verk hægra megin á hálsi, höfuðverk, verk í hægri olnboga og baki og með dreift mar og hrúfl á baki og var hún greind með mar og yfirborðsáverka á hálsi og á bol. Þá staðfesti framangreindur læknir að áverkarnir geti samrýmst því að vera tilkomnir við atvik eins og brotaþoli lýsir.
69. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að framburður brotaþola sé trúverðugur og fái stoð í framangreindum gögnum. Samkvæmt því telur dómurinn sannað að ákærði

hafi veist að brotþola og slegið hana í höfuðið og dregið hana í gegnum íbúðina, eins og í ákæru greinir, utan þess að ekki verður talið sannað að hann hafi dregið hana út á götu heldur að útidyrhurð í samræmi við framburð brotþola fyrir dómi og framburð ákærða hjá lögreglu. Benda þeir áverkar sem brotþoli var með til þess að hún hafi verið dregin ákveðið niður stigann andstætt framburði ákærða. Verður skýrt ráðið að framburði ákærða að hann gerði sér grein fyrir því að með háttsemi sinni væri lang líklegast að hann myndi valda brotþola líkamstjóni og telst því skilyrði 18. gr. laga nr. 19/1940 um að verknaður hafi verið unninn af ásetningi uppfyllt.

70. Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að um neyðarvörn eða neyðarrétt hafi verið að ræða. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940 segir að það verk sé refsilaust sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu augsynilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Þá segir í 13. gr. sömu laga að það verk sé refsilaust sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því væru skertir aðrir hagsmuni sem telja verður að miklum mun minni.
71. Ákærði byggir á því að hann hafi verið að verjast brotþola og ekki haft annan valkost en að draga hana út þar sem hún hefði ekki orðið við beiðni hans um að fara. Hann sagði brotþola ítrekað hafa slegið hann og valdið honum áverkum á vinstra gagnauga. Samkvæmt framlögðu læknisvottorði vegna komu ákærða á bráðamóttöku í kjölfar atviksins sáust ekki áverkum á ákærða en þar er staðfest að ákærði hafi kvartað undan eymslum á vinstra gagnauga. Ákærði bar sjálfur um að hafa síðar fengið þar bólgu og mar eftir ítrekuð högg brotþola og sagði fyrir dómi að brotþoli hefði verið með hring á þeirri hendi sem hún sló hann með. Brotþoli kvaðst hafa slegið ákærða laust í andlitnið og sagði höggið ekki hafa verið til þess fallið að valda áverkum. Samkvæmt dómaframskvæmd hvílir ekki á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis. Er ósannað að brotþoli hafi veist að ákærða á annan hátt en hún hefur viðurkennt og er ekkert fram komið um að frekari árás væri yfirvofandi af hennar hálfu. Fyrir liggur að brotþoli viðurkenndi að hafa sagt við ákærða að hún færi ekki fyrr en þau væru búin að ræða saman. Er því alfarið hafnað að háttsemi ákærða verði réttlætt sem neyðarvörn á þeim forsendum að brotþoli hafi neitað að fara á brott, jafnvel þótt sannað væri að ákærði hefði ítrekað beðið hana um það, sem dómurinn telur þó ósannað, enda ákærða tiltækar aðrar löglegar aðferðir. Ekki verður heldur á það fallist að háttsemin hafi verið nauðsynleg í því skyni að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu en á engan hátt hefur verið sýnt fram á að hætta hafi stafað af áframhaldandi veru brotþola í húsnæðinu. Eru því ekki uppfyllt framangreind skilyrði 1. mgr. 12. gr. og 13. laga nr. 19/1940. Þannig telst ósannað að skilyrði neyðarvarnar eða neyðarréttar hafi verið uppfyllt.
72. Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið. Telst háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

IV

73. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 14. ágúst 2025, hefur ákærði ekki verið dæmdur til refsingar. Í ljósi þess sem telst sannað um atvik er ekki á það fallist með ákærða að um áflog milli hans og brotþola hafi verið að ræða. Samkvæmt þessu er því hafnað að litið verði til 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar og er heldur ekkert fram komið sem réttlætir að litið verði til 74. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess, til refsimildunar, að ákærði er með hreinan sakaferil, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, en til refsipýngingar til 1., 3. og 7. töluliðar sama lagaákvæðis en árás ákærða var gróf og olli brotþola töluverðu líkamstjóni og vanlíðan. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.
74. Þann 23. september 2025 var gefin út á hendur ákærða framhaldsákæra, sbr. 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008, þar sem getið var um einkaréttarkröfu brotþola, og gerir hún kröfu um greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta. Með framhaldákærunni fylgdi greinargerð bótakrefjanda vegna kröfunnar, dagsett 17. september 2025. Af hálfu ákærða er þess krafist að framhaldsákærunni verði vísað frá dómi og á því byggt að skilyrði lagaákvæðisins séu ekki uppfyllt. Var framhaldsákæran birt fyrir ákærða í þinghaldi 13. október 2025.
75. Samkvæmt 1. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 skal einkaréttarkröfu brotþola í sakamáli komið á framfæri við lögreglu meðan á rannsókn þess stendur eða við ákæranda áður en ákæra er gefin út. Heimilt er að koma kröfu á framfæri við ákæranda eftir útgáfu ákæru ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 153. gr. laganna til útgáfu framhaldsákæru í máli eða ákærði samþykkir, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þess að hafa megi slíka kröfu uppi í málinu.
76. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 88/2008 er lögreglu skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotþola um réttindi hans lögum samkvæmt. Meðal þeirra réttinda er að samkvæmt 1. mgr. 172. gr. laganna getur brotþoli eða hver sá annar sem telur sig hafa öðlast kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans leitað dóms um hana í sakamáli. Þá segir í 3. mgr. 40. gr. að ef ákæra er gefin út skuli ákærandi tilkynna brotþola eða réttargæslumanni hans það þegar hún hefur verið birt nema hann hafi áður fengið vitneskju um ákærana. Ekki verður af málsgögnum ráðið að brotþola hafi við rannsókn málsins verið kynntur réttur hennar til að koma að bótakröfu í málinu eða um útgáfu ákæru. Þá liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um ástæðu þess að bótakrafan var ekki sett fram fyrr en þær sem fram komu í hjá réttargæslumanni sem kvaðst hafa frétt af sakamálinu eftir útgáfu ákæru og þá leiðbeint brotþola um rétt sinn hvað þetta varðar er hún hitti hana af öðru tilefni.
77. Framangreindri greinargerð bótakrefjanda fylgdu engin gögn en þar er vísað til gagna málsins og lögregluskýrslna hvað varðar málsatvik. Verður af því ráðið að krafan hafi byggt á þeim gögnum sem lágu fyrir þegar ákæran var gefin út. Skilyrðin sem fram koma í 1. mgr. 153. gr. laga nr. 88/2008 eru þau að leiðrétt þurfi augljósar villur eða ef upplýsingar, sem ekki lágu fyrir þegar ákæra var gefin út, gefa tilefni til og eru þar, samkvæmt orðalagi ákvæðisins, tæmandi talin. Með vísan til þess er það mat dómsins að

ekki hafi verið skilyrði til útgáfu framhaldsákæru. Þá veitti ákærði ekki samþykki sitt fyrir því að einkaréttarkrafan kæmist að í málinu. Með vísan til framangreinds verður kröfunni vísað frá dómi.

78. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 1.400.000 krónur, og útlagðan kostnað verjanda vegna öflunar vottorðs, 62.161 krónu. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, 1.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknana til lögmannanna verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.
79. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari.
80. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfu A, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Jónssonar lögmanns, 1.400.000 krónur, og útlagðan kostnað skipaðs verjanda vegna öflunar vottorðs, 62.161 krónu. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, 1.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir